

Ársskýrsla deildarstjórnar um starf Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 2020

Á aðalfundi Eyjafjarðar-deildar 2020 urðu þær breytingar á stjórn deildarinnar að Ingibjörg Þuríður Stefánsdóttir sagði sig úr stjórninni sem varamaður. Í stað hennar kom Anna Lilja Benediktsdóttir frá Siglufirði. Aðrir fulltrúar í kjöri voru endurkjörnir. Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2020:

Aðalmenn:

Gunnar Frímansson formaður (2019–2021), Akureyri
Aðalheiður Sigurjónsdóttir varaformaður (2020–2022), Ólafsfirði
Anna Rósa Magnúsdóttir ritari (2020 – 2022), Akureyri
Jónas Þór Karlsson gjaldkeri (2020–2022), Akureyri
Jón Baldvin Hannesson (2020–2022), Akureyri
Ólafur Sigurðsson (2019–2021), Siglufirði
Karen Malmquist (2019–2021), Akureyri
Sólborg Friðbjörnsdóttir (2019–2021), Dalvík
Þórhallur Másson (2019–2021), Akureyri

Varamenn:

Berglind Júlíusdóttir (2020–2021), Akureyri
Fjóla Valborg Stefánsdóttir (2020–2021), Grenivík
Anna Lilja Benediktsdóttir (2020–2021), Siglufirði
Gísli Kort Kristófersson (2020 - 2021), Akureyri

Guðlaug Kristinsdóttir var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs.

Á fyrsta fundi stjórnarinnar var Aðalheiður Sigurjónsdóttir kjörin varaformaður, Anna Rósa Magnúsdóttir ritari og Jónas Karlsson gjaldkeri. Anna Rósa sagði af sér sem ritari á árinu og tók Jón Baldvin Hannesson við því hlutverki. Jónas Karlsson sagði sig úr stjórn um mitt ár og tók Þórhallur Másson við sem gjaldkeri. Berglind Júlíusdóttir tók sæti Jónasar í aðalstjórn.

Í árslok 2020 voru 1243 félagar skráðir í deildina, af þeim höfðu 616 greitt félagsgjöld. 333 sjálfboðaliðar voru með skráðan sjálfboðaliðasamning við deildina á árinu og komu að um 385 verkefnum. Sjálfboðaliðahópurinn heldur því áfram að vaxa en fjölmargir nýir sjálfboðaliðar komu inn í neyðarvarnir á starfssvæðinu öllu árið 2020.

Húsnæðismál

Litlar breytingar urðu á húsnæðismálum á árinu. Deildin greiðir lága leigu fyrir aðgang að húsnæði Slysavarnarfélagsins á Siglufirði fyrir starf deildarinnar. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnarfélaginu þar sem í gangi er vinaverkefni, fólk kemur saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Á Dalvík eru flokkuð föt og starfrækt verslun í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í eigin húsnæði deildarinnar, þar sem einnig er sinnt félagslegum verkefnum á borð við Ungfrú Ragnheiði og Opið hús.

Á Akureyri var viðhald húsnæðis talsvert og var reynt að sinna þeim verkefnum sem voru fyrirliggjandi, bæði í ljósi þess að VSK af allri vinnu fékkst endurgreiddur frá ríki og vegna þess að unnið var að því að fá lokaúttekt á húsnæðinu vegna framkvæmda sem staðið hafa yfir í Viðjulundi síðan 2013. Búið er að ljúka öllum teikningum og þinglýsa eignaskiptasamningi. Byggingarstjóri gerði óformlega forskoðun á húsnæðinu og kom með ábendingar um þau atriði sem þyrfti að ljúka fyrir lokaúttekt.

Skipt var um gler í gluggum á efri hæð í norðurhlutanum á húsinu, snjógildirur settar á þök á báðum húshlutum, snyrtingin á fyrstu hæð í norðurhluta var endurnýjuð og tengiskápur úr skrifstofu færður í flokkunarrýmið. Skipt var um símalínur í norðurhlutanum í leiðinni og raflögnum breytt þannig að nú er hægt að halda ljósum á skrifstofum með vararafstöð ef rafmagn fer af bænum. Sett voru upp neyðarútgönguljós í húsið á þeim stöðum sem talin var þörf á. Lokið hefur verið við klæðningu undir þakkassa á suðurhluta og keypt ný bílskúrshurð með innbyggðri útgönguhurð fyrir flokkunarrými sem nýtist sem neyðarútgangur ef rafmagn færi af húsinu og bílskúrshurðin yrði þar með óvirk. Hurðin var sett upp í lok febrúar 2021 og í kjölfarið var óskað eftir formlegri lokaúttekt.

Nýting húsnæðisins í Viðjulundi er almennt góð en vegna samkomutakmarkana á árinu 2020 var mun minna um salarleigu og námskeiðahald en fyrri ár. Sjálfboðaliðar héldu þó áfram að nýta húsnæðið undir starfsemi deildarinnar en fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu. Opið hús hélt einnig áfram göngu sinni megnið af árinu, sem og Hjálparsíminn og Ungfrú Ragnheiður. Einnig nýtist húsnæðið fyrir verkefni sem tengjast neyðarvörnum. Kennslusalur í suðurhluta húsnæðisins var nýttur fyrir aðalfund Rauða krossins sem fór fram á nokkrum stöðum á landinu í gegnum fjarfundabúnað en fulltrúar af öllu Norðurlandi sátu fundinn í Viðjulundi.

Þegar snyrtingin á fyrstu hæð í norðurhluta hússins var gerð upp voru settir þar upp skápar sem nýtast Ungfrú Ragnheiði og hjálpaði það mikið við að rýmka um Guðnýjarstofu sem er rými sem samnýtist mörgum verkefnum.

Hluti af geymslurými í suðurhluta hússins hefur nú verið leigður út til skamms tíma gegn því að leigjandinn lagfæri innréttingar í húshlutanum. Að leigutíma loknum getur deildin nýtt þetta húsnæði fyrir verkefni deildarinnar, t.d. þau sem nú samnýta Guðnýjarstofu.

Starfsmannamál

Árið 2020 voru Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri og Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri í fullu starfi hjá deildinni. Unnar A. Friðleifsson var í 50% starfi við húsumsjón en hluta úr ári vann Unnar í fullu starfi við sóttvarnarhús á Akureyri.

Verkefni Eyjafjarðardeildar

Verkefni deildarinnar byrjuðu með svipuðum hætti 2020 og verið hafði á undanförunum árum en heimsfaraldur Covid-19 hafði síðan umtalsverð áhrif á starfsemi deildarinnar á árinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverju verkefni.

Fataverkefni

Fatasöfnun og -flokkun

Fötum er safnað í gáma á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri auk þess sem föt berast frá Laugum í Reykjadal. Fötin frá Siglufirði eru send óflokkuð til Akureyrar þar sem þau eru flokkuð og sett í sölu eða útflutning. Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og fatamarkaður opinn einu sinni í viku. Fötin sem nýtast ekki í Ólafsfirði eru send til Dalvíkur og Akureyrar. Á Dalvík eru föt flokkuð og nýtileg föt seld í versluninni þar en verslunin fær einnig föt frá Akureyri og Reykjavík. Það sem nýtist ekki á Dalvík er sent til Akureyrar. Á Akureyri eru föt flokkuð, sumt fer í verslun, sumt á mánaðarlegan markað og sumt er selt á Ráðhústorgi þegar veður leyfir. Stundum eru söluvænleg föt send til Þórshafnar og Húsavíkur. Öðru hverju fær verndaði vinnustaðurinn Bjarglðjulundur bómullarefni sem hann nýtir í framleiðslu sína. Það sem nýtist ekki á félagssvæðinu er sent í endurvinnslu erlendis. Á árinu 2020 voru sendir frá Eyjafirði 17 40 feta gámar eða um 176 tonn af fatnaði sem er endurunninn eða endurnýttur erlendis með ýmsum hætti. Er þetta fækkun um 4 gáma og 40 tonn milli ára og má rekja þá fækkun fyrst og fremst til COVID-19 faraldursins en tvisvar á árinu þurfti að loka fataflokkun vegna samfélagssmita og samkomutakmarkana. Sjálfboðaliðar sem unnu að fatasöfnun og flokkun voru 24, 16 á Akureyri, 3 á Dalvík, 3 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.

Fataverslun

Eyjafjarðardeild rak verslanir með notuð föt og skó á Dalvík og Akureyri auk þess sem tilraunir voru gerðar með markaði í Ólafsfirði. Tekjur af fataverslun á Akureyri voru 16,2 mkr., á Dalvík 2,6 mkr. og 500 þús. kr. í Ólafsfirði. Salan í Ólafsfirði gengur vonum framár en sjálfboðaliðar í vinaverkefninu þar halda vikulega markaði í leiguhúsnæði deildarinnar. Heildartekjur af fatasölu Eyjafjarðardeildar voru rúmlega 23,2 mkr. sem er tæpum 6 milljónum minna en árið 2019 en vegna þess að skemmtiferðaskip komu ekki til Akureyrar um sumarið voru ekki haldnar torgsölur og vegna samkomutakmarkana voru verslanir Rauða krossins lokaðar í 10 vikur á árinu. Þá var ekki haldinn markaður á Dalvík í tengslum við Fiskidaginn mikla líkt og síðustu ár vegna þess að Fiskidagurinn féll niður.

Sjálfboðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 46 árinu 2020, 36 á Akureyri, 6 á Dalvík, 4 í Ólafsfirði.

Fatamarkaðir

Fatamarkaðir eða flóamarkaðir með föt voru á Akureyri í byrjun hvers mánaðar ársins nema í janúar en markaðir féllu niður í apríl og október vegna Covid-19. Sumir sjálfboðaliðarnir sem vinna í búðinni unnu líka á fatamörkuðunum undir leiðsögn sjálfboðaliðanna Aðalheiðar Vagnsdóttur og Erlu Ásmundsdóttur sem hafa staðið þá vakt hátt á annan áratug. Heildartekjur af mörkuðunum voru um 3,9. mkr. á árinu 2020.

Torgsala

Nokkrum sinnum á sumri á undanförunum árum hafa sjálfboðaliðar farið með lopapeysur, húfur og vettlinga til að selja ferðamönnum á Ráðhústorgi þegar stór skemmtiferðaskip hafa verið í höfn og veður skaplegt. Tekjur af torgsölu á árinu 2019 voru tæpar 2,4 milljónir króna sem eru ríflegar tekjur fyrir deildina. Árið 2020 var ekki unnt að vera með torgsölur enda fá skemmtiferðarskip við landið.

Prjónahópur Eyjafjarðardeildar

Prjónahópurinn prjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar og heldur styrktarsölur fyrir deildina. Þá hafa sjálfboðaliðar úr hópnum aðstoðað við að flokka allt garn sem kemur í fataflokkun á Akureyri og merkja það, bæði svo að auðveldara sé að nýta það í prjónahópnum og til að gera garnið endursöluvænna í verslununum. Þá hefur deildin einnig lagt nágrannadeildum til garn. Jafnframt hafa prjónahóparnir brugðist

við og þrjónað fyrir skjólstæðinga Rauða krossins, t.d. þá sem sækja þjónustu í verkefnið Ungfrú Ragnheiði á Akureyri og Frú Ragnheiði á höfuðborgarsvæðinu.

Haldnir voru nokkrir styrktarbasarar á árinu 2020 og hóparnir voru með samveru í suðursal Viðjulundar þegar samkomutakmarkanir leyfðu.

48 sjálfboðaliðar voru skráðir í þetta verkefni.

Stuðningur við innflytjendur

Nokkuð er um að einstaklingar, sem hafa fengið alþjóðlega vernd á Íslandi, flytji til Akureyrar. Eyjafjarðardeild leitast við að sinna málsvarastarfi og aðstoða þá einstaklinga og fjölskyldur sem tilheyra þessum hópi. Fyrir þá sem eru nýkomnir til landsins er leitast við að finna sjálfboðaliða sem veita félagslegan stuðning. Þá eru verkefni starfrækt innan deildarinnar fyrir flóttafólk og innflytjendur sem hafa það markmið að veita fólki af erlendum uppruna, tengingu við samfélagið og kenna þeim íslensku.

Íslenskukennsla fyrir innflytjendur

Á árinu 2017 hófst skipulegt starf með innflytjendum sem felst í aðstoð í íslensku. Sjálfboðaliði frá deildinni hittir sama einstaklinginn einu sinni í viku í um klukkustund í senn. Hér er bæði um að ræða flóttafólk en einnig aðra fullorðna innflytjendur sem þurfa aðstoð við að læra íslensku og eru að fóta sig í íslensku samfélagi.

Á árinu 2020 unnu 9 sjálfboðaliðar að þessu verkefni með 12 skjólstæðingum. Þá voru einnig skráðir 2 sjálfboðaliðar sem leiðsögumenn flóttafólks en leiðsögumenn veita flóttafólki félagslegan stuðning og leiðsögn í daglegu lífi. Einn sjálfboðaliði var skráður sem túlkur. Það er smávægileg fækkun á milli ára í þessu verkefni sem má að mestu rekja til þess að erfitt var að koma á nýjum kynnum milli fólks á meðan á heimsfaraldri stóð. Þeir sem voru virkir í verkefninu gerðu hlé á störfum sínum þegar samkomutakmarkanir kröfðust þess, aðrir höfðu samband í gegnum síma og samfélagsmiðla, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Íslenskukennsla fyrir innflytjendabörn

Í íslenskuverkefninu fyrir börn aðstoða sjálfboðaliðar Rauða krossins börn sem hafa íslensku sem annað mál. Aðstoðin felst í því að sjálfboðaliðar lesa fyrir börnin eða hjálpa þeim að lesa sjálf, allt eftir getu þeirra.

Nokkur undanfarin ár hefur hópur sjálfboðaliða farið í 3 grunnskóla á Akureyri á skólatíma og hitt nemendur sem þurfa hjálp við að ná tökum á íslensku. Utanumhald

um þetta verkefni reyndist erfitt og sjálfbóðaliðum, sem sinntu verkefninu, fækkaði ár frá ári. Áherslan í íslenskuverkefninu hefur einnig færst mikið úr skólum frá því að samstarf við Amtbókasafnið byrjaði árið 2018 og sjálfbóðaliðar fengu aðstöðu þar til að hitta börnin. Því var ákveðið að hætta að vera með sjálfbóðaliða innan grunnskóla og leggja frekar áherslu á aðstoð utan skólatíma, annað hvort á Amtbókasafninu eða í heimahúsum. 6 sjálfbóðaliðar aðstoðuðu 8 börn. 2 sjálfbóðaliðar unnu enn inni í skólum fyrri hluta árs og aðstoðuðu börn í minni hópum áður en því verkefni var hætt.

Þrjú fundir voru haldnir á árinu fyrir sjálfbóðaliða í þessum verkefnum, einn staðfundur og tveir fjarfundir. Auk þess kom Jóhann Thoroddsen sálfræðingur í ágúst 2020. Hann fræddi sjálfbóðaliða í íslenskuverkefnunum og í Opnu húsi um flóttafólk og áföll ásamt því að veita skjólstæðingum handleiðslu .

Opið hús fyrir innflytjendur

Verkefnið Opið hús hóf göngu sína í apríl 2019. Starfsemin fer þannig fram að einu sinni í viku, á miðvikudögum frá kl. 14-16, er opið hús í Viðjulundi og eru yfirleitt tveir sjálfbóðaliðar á vakt ásamt starfsmanni. Sjálfbóðaliðar veita aðstoð við atvinnuleit og húsnæðisleit ásamt því að veita almenna ráðgjöf um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Leitast er við að finna félagslega virkni fyrir þá einstaklinga sem óska eftir því ásamt því að aðstoða við námsleit, umsóknir vegna dvalarleyfa eða atvinnuleyfa o.fl. Starfsmaður er sjálfbóðaliðum innan handar og aðstoðar skjólstæðinga við önnur mál sem koma upp, t.d. er snerta fjárhagsáhyggjur eða önnur viðkvæm málefni. Sjálfbóðaliðar bregðast einnig við utan hefðbundins opnunartíma ef þess þarf með en þá bókar starfsmaður tíma fyrir skjólstæðing með sjálfbóðaliða.

Aukið var við þessa viðbragðsþjónustu á árinu 2020 en á móti kom að Opið hús þurfti að loka í nokkrar vikur í nóvember og desember. Jafnvel þó að úrræðið hafi verið opið stóran hluta ársins héldu margir skjólstæðingar sig til hlés vegna heimsfaraldursins, sérstaklega í upphafi faraldurs. Frá því Covid-faraldurinn hófst var leitast við að veita skjólstæðingum Opna hússins upplýsingar um sóttvarnaraðgerðir og kanna líðan einstaklinganna. Reglulega yfir árið voru því sendir tölvupóstar eða hringt til skjólstæðinga. Skjólstæðingar úrræðisins létu í ljós mikla ánægju með þá viðleitni.

Á árinu 2020 nýttu 26 einstaklingar sér þjónustuna en 54 komur voru skráðar í opið hús. Meðalaldur þeirra sem sóttu í úrræðið var 31 ár og var mikill meirihluti karlmenn

eða 19 á móti 7 konum. Um er að ræða svipaðan fjölda skjólstæðinga og árið áður en töluvert færri komur voru árið 2020.

Sjálfbóðaliðar voru 16 á árinu. Haldnir voru tveir fundir með sjálfbóðaliðum opins húss á árinu. Hópstjóri er Sóley Björk Stefánsdóttir.

Heimsóknavinir

Starf heimsóknavina breyttist töluvert árið 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19 og í raun má segja að vinaverkefnið hafi orðið fyrir mestum áhrifum af faraldrinum af félagslegum verkefnum deildarinnar. Erfiðlega gekk fyrir marga sjálfbóðaliða að halda áfram heimsóknum til gestgjafa sinna enda margir í áhættuhópum innan beggja raða. Þá voru dvalarheimili lokuð fyrir heimsóknir langtímum saman á árinu. Þeir sjálfbóðaliðar sem gátu hringdu í gestgjafa sína í staðinn eða höfðu samband með öðru móti. Í heimsóknavinum voru 40 sjálfbóðaliðar, þar af 30 á Akureyri, 7 á Siglufirði, 1 með hund. Auk þess eru tveir sjálfbóðaliðar hópstjórar hundateymis sem ætlunin er að efla á Eyjafjarðarsvæðinu en sökum Covid gafst ekki tækifæri til að efla verkefnið á árinu 2020. Hópstjórar á Akureyri eru Hörður Ólafsson og Sólveig Gunnarsdóttir. Símavinaverkefnið sem er undir yfirstjórn Kópavogsdeildar tók kipp og fjölgaði gífurlega í því á landsvísu. Þrír sjálfbóðaliðar af Eyjafjarðarsvæðinu tóku þátt í símavinaverkefninu og voru 7 gestgjafar sem þáðu þjónustuna, jafnframt búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu.

Á Siglufirði héldu Margrét Guðmundsdóttir og Mundína Valdís Bjarnadóttir utan um heimsóknirnar en sögðu sig frá verkefninu eftir áralangt starf. Eyjafjarðardeild þakkar þeim báðum kærlega fyrirframlag þeirra til verkefnisins og starfsins á Siglufirði.

Starf með fólki með geðraskanir

Árið 2020 var óvanalegt í Lautinni eins og víðar en loka þurfti úrræðinu samtals í 4 mánuði á árinu. 11 sjálfbóðaliðar Rauða krossins sáu um að hafa opið í Laut á laugardögum og þangað komu að meðaltali 4-6 manns um helgar. Ekki var hægt að halda sumargrill í Lautinni á árinu og lítið var um fundi eða aðrar samkomur með sjálfbóðaliðum sökum Covid.

Laut – athvarf fyrir einstaklinga með geðraskanir var stofnað af Rauða krossinum og Geðverndarfélagi Akureyrar með dyggum stuðningi Akureyrarbæjar þann 8. desember árið 2000, því varð Lautin 20 ára á árinu. Rauði krossinn hætti rekstri Lautar um áramótin 2017/2018 og í kjölfarið var Lautin var rekin sem

sjálfseignarstofnun í eitt ár áður en Akureyrarbær tók alveg yfir reksturinn árið 2019. Sjálfboðaliðar Rauða krossins héldu þó áfram að halda úti laugardagsopnunum. Í lok ársins 2020 ákvað stjórn Rauða krossins að draga sig alveg út úr verkefninu og afhenda það sveitarfélaginu að fullu. Deildin þakkar sjálfboðaliðum Lautarinnar fyrir óeigingjarnt mannúðarstarf á liðnum árum undir dyggri forystu Drífu Helgadóttur.

Neyðarvarnir

Það er hlutverk Rauða krossins í almannavörnum að bregðast við hópslysum og náttúruvá, sem ógnar fjölda fólks, með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þar aðhlyningu þeim sem þurfa. Eyjafjarðardeild á að vera tilbúin til að opna slíkar stöðvar á starfsstöðum sínum og hefur á hverjum stað sjálfboðaliða sem kunna að opna fjöldarhjálparstöðvar og tilheyra fjöldahjálparhópum. Einnig hefur Eyjafjarðardeild á sínum snærum hóp fólks sem er sérþjáfað í að veita sálrænan stuðning og myndar viðbragðshóp vegna stærri hamfara og slysa. Gert er ráð fyrir að þessir hópar geti nýtt sérþekkingu sína eftir því hvers konar áföll dynja yfir. Mjög reyndi á þessa hópa í lok ársins 2019 vegna óveðurs á starfssvæði deildarinnar. Jafnframt reyndi talsvert á viðbragðshópinum vegna Covid-tengdra atburða á árinu 2020. Þá fór hópur frá Eyjafjarðardeild á Austurland í desember 2020 til að aðstoða heimamenn vegna aurskriða sem urðu á Seyðisfirði.

Á árinu 2019 var gert átak í eflingu neyðarvarna á Eyjafjarðarsvæðinu. Stefnt var að frekara námskeiðshaldi og aukinni þjálfun sjálfboðaliða árið 2020. COVID-19 hafði töluverð áhrif á þær áætlanir þar sem starfsmenn neyðarvarna voru almennt mjög uppteknir í vibrögðum vegna kórónuveirufaraldursins og þjálfun og skipulagningu þeirra sjálfboðaliða sem komu að því verkefni. Þó voru haldin námskeið í Inngangi að neyðarvörnum á Eyjafjarðarsvæðinu, nánar tiltekið á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði og bættist töluvert við hóp fjöldahjálpaði eftir þau námskeið.

Árið 2020 voru 57 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp, 15 á Grenivík, 18 á Akureyri, 11 á Dalvík, 4 í Ólafsfirði og 9 á Siglufirði. Því til viðbótar voru 5 í neyðarnefnd og 3 í aðgerðastjórn.

Neyðarnefnd deildarinnar er skipuð fulltrúum frá hverjum stað, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Akureyri og Grenivík.

Í Covid-faraldrinum voru opnuð farsóttarhús á Akureyri sem starfsmenn og sjálfboðaliðar sinntu. Fyrstu farsóttarhúsin voru opnuð í sumarbústöðum við Kjarnaskóg og voru það aðallega sjálfboðaliðar úr öðrum verkefnum (viðbragðshópi) sem voru þjáfaðir fyrir verkefnið. Unnar Aðalsteinn, umsjónarmaður deildarinnar var

ráðinn tímabundið starfsmaður í farsóttarhús og sá um umsjón með sjálfboðaliðum og skráningu gesta, birgðahald o.fl. tilfallandi í nánu samtarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands sem bar ábyrgð á verkefninu.

Farsóttarhúsin voru fyrst og fremst hugsuð sem úrræði fyrir sýkta og/eða útsetta einstaklinga sem ættu ekki í nein önnur hús að venda, aðallega erlenda ferðamenn. Fljótlega kom í ljós þörf á því að aðstoða einnig viðbragðsaðila, til dæmis sjúkraflutningamenn og heilbrigðisstarfsfólk. Sumarhúsin í Kjarnaskógi voru frekar óhentug í þetta verkefni og tekin voru á leigu svokölluð Sæluhús sem staðsett eru rétt sunnan við SAK. Húsunum var lokað eftir „fyrstu bylgju“ í byrjun júní.

Um miðjan júní var þörf á að opna farsóttarhús aftur, þá í húsnæði gistiheimilisins Hrafnsins í miðbæ Akureyrar. Það húsnæði hentaði mun betur í starfseminu og var notað í „annari bylgju“, frá miðjum júní út september þegar húsinu var lokað.

Farsóttarhúsið var opnað þriðja sinn í seinni hluta október, þá á Hótel Akureyri við Hafnarstræti. Því húsi var lokað 5. desember.

Að verkefninu komu um 20 sjálfboðaliðar og starfsmenn. 44 einstaklingar dvöldu í farsóttarhúsunum á Akureyri á þessum þremur tímabilum.

Áfallateymi

Í áfallateymi/viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru 27 sjálfboðaliðar sem hafa þjálfað sig í að veita sálrænan stuðning þeim sem hafa lent í áföllum. Teymið er alltaf á vakt og skipta sjálfboðaliðar með sér vöktunum. Teymið fór í 8 útköll á árinu. Útköllin voru vegna slysa á fólki, húsbruna, opunar fjöldahjálparstöðva, COVID-19 og hópur sjálfboðaliða fór til aðstoðar vegna skriðufalla á Seyðisfirði í desember. Notendur fengu eftir atvikum sálrænan stuðning, spjall, bækling eða allt í senn. Viðrunarfundur var haldinn í kjölfar hvers útkalls, ýmist með fjarfundabúnaði eða samkomu í Viðjulundi.

Auk þess að fara í útköll voru haldnir 3 teymisfundir með fjarfundabúnaði fyrir sjálfboðaliðana og tvisvar kom hópurinn saman í húsnæði deildarinnar. Ekki voru haldnar neinar æfingar vegna heimsfaraldursins. Nokkrir úr teyminu aðstoðuðu við að taka viðtöl við skjólstaðinga jólaaðstoðarinnar í desember 2020.

Hópstjórar eru Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Guðný Rut Gunnlaugsdóttir og Katrín Guðrún Guðjónsdóttir.

Hjálparsíminn 1717 – símsvörun

Á undanförunum árum hafa nokkrir sjálfboðaliðar á Akureyri sinnt símsvörun fyrir Hjálpar-símamann 1717. Þetta hafa fyrst og fremst verið nemendur Háskólans á Akureyri í sálfræði og hjúkrunarfræði sem hafa fengið til þess sérstaka þjálfun og fá starfið metið í náminu. Verkefninu er stýrt frá landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar sér um kynningarstarf, utanumhald með aðstöðunni og tengslin við HA.

Þegar Covid-faraldurinn brast á jókst mjög skyndilega álag á hjálparsímamann og því var símsvörunin m.a. aukin tímabundið á Akureyri með því að koma upp símaveri í sal deildarinnar í Viðjulundi. Við þetta jókst geta til að svara úr tveimur sínum í einu, í sex. Í kjölfarið var leitast við að fá tímabundið til liðs við deildina sjálfboðaliða í verkefnið og bættust nokkrir við hópinn. Voru þetta fagaðilar eða fyrrum sjálfboðaliðar, sem svöruðu kallinu, ásamt sjálfboðaliðum sem þegar voru skráðir í verkefnið. Gífurlegt álag var á Hjálparsímanum allt árið 2020 en ekki síst í kjölfar fyrstu bylgjunnar. Álagið skýrist að hluta til vegna þess að Hjálparsíminn tók tímabundið við yfirfalli frá vaktsíma Heilsugæslunnar 1700. Þegar mest var hringt inn komu hundruð símtala á dag í 1717.

Árið í tölum:

Heildarfjöldi samtala á öllu landinu árið 2020 var 22.553 en til samanburðar voru samtölin 13.458 árið 2019.

Á árinu 2020 tóku 24 sjálfboðaliðar þátt í þessu verkefni á vegum deildarinnar, hluti þeirra var fagfólk sem kom inn í verkefnið tímabundið vegna álags.

Haldnir voru tveir fundir með sjálfboðaliðum Hjálparsímans á árinu. Námskeið fyrir nýliða á Norðurlandi var haldið í júní 2020.

Ungfrú Ragnheiður

Á fyrstu dögum ársins 2018 hófst starf á vegum Eyjafjarðardeildar í anda skaðaminnkunar sem felst í að dreifa sprautum, sprautunálum og öðrum búnaði til fólks, sem sprautar vímuefnum í æð, og veita því aðstoð með sáraumbúnað og fleira. Verkefnið á Akureyri heitir Ungfrú Ragnheiður og er eftir fyrirmynd verkefnisins Frú Ragnheiður sem Höfuðborgardeild Rauða krossins rekur.

Tveir hjúkrunarfræðingar sem starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri, þær Berglind Júlíusdóttir og Edda Ásgrímsdóttir, hafa leitt verkefnið í samvinnu við starfsfólk Eyjafjarðardeildar. Sjálfbóðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Eyjafjarðardeild hefur útvegað búnaðinn og leggur til húsnæði.

Komur í Ungfrú Ragnheiði voru 241 árið 2020 á móti 95 árið 2019 sem er aukning um 154% milli ára. Umsvif verkefnisins eru í hröðum vexti og er þetta annað árið í röð sem komum í þjónustuna fjölga um meira en helming milli ára. Ekki er það talið til marks um aukna notkun vímuefna í æð á svæðinu heldur er fremur talið að verkefnið sé farið að ná betur til þeirra sem það er ætlað. Í heildina sóttu 16 einstaklingar í þjónustu verkefnisins, þar af voru 5 nýkomur frá einstaklingum sem hafa ekki komið áður. Karlmenntækja mun frekar í verkefnið og voru þeir 13 á móti 3 konum. Skjólstæðingar Ungfrú Ragnheiðar eru á aldrinum 21-50 ára þar sem mikill meirihluti er í aldurshópnum 31-40 ára.

Á vormánuðum var tekin í gagnið sendibifreið sem deildin fjárfesti í árið 2019 og Oddfellowstúkan Rán lauk við að innrétta á sinn kostnað á árinu með tilliti til þarfa verkefnisins. Það má með sanni segja að bylting hafi orðið í umsýslu og þjónustu við skjólstæðinga með tilkomu bílsins þar sem bæði er nú auðveldara aðgengi að þeim búnaði sem til þarf og jafnframt eru samskipti við skjólstæðinga og aðhlyning þeirra nú auðveldari.

Lagt var upp með að gera allt sem hægt væri til að halda óskertri þjónustu í verkefninu þrátt fyrir heimsfaraldurinn. Þannig þurfti að breyta verklagi og aðlaga þjónustuna í verkefninu oft á árinu í samræmi við gildandi sóttvarnareglur hverju sinni.

Þegar ljóst var að upp hafði komið smit meðal jaðarsettra einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu fór Rauði krossinn í samstarf með aðgerðarstjórn á Norðurlandi eystra og HSN með þeim hætti að hjúkrunarfræðingar í verkefninu buðu skjólstæðingum þess í sýnatöku. Var talið að sjálfbóðaliðar verkefnisins myndu ná betur til skjólstæðingahópsins sem væri þá líklegri til að fara í sýnatöku en ella enda var höfð sérstök varúð um allar trúnaðarupplýsingar skjólstæðinganna. Var um að ræða góða og mikla samvinnu sem gekk afar vel.

Veitingastaðurinn Vitinn styrkti verkefnið um 100 heita matarbakka árinu og hafa þeir verið vel nýttir af skjólstæðingum verkefnisins. Verkefninu hefur verið mjög vel tekið og ýmsir hafa styrkt það rausnarlega með fjárframlögum, m.a. Landsvirkjun og

einnig hafatvæð deildir Rauða krossins hafa styrkt verkefnið með myndarlegum hætti. Þökkum við Eskifjarðardeild og Vestmannaeyjardeild fyrir þeirra framlag en einnig Víkurdeild en framlag hennar til deildarinnar nýtist þessu verkefni eins og öðrum verkefnum Eyjafjarðardeildar.

Ekkert nýliðanámskeið var haldið á árinu sökum faraldursins en sjálfboðaliðar verkefnisins náðu þó að hittast tvisvar á árinu. Í annað skiptið var boðið upp á hóphandleiðslu sálfræðings og í seinna skiptið var fundað um verkefnið.

Nokkuð var um kynningar á verkefninu en hópstjórar kynntu starfið fyrir starfsfólki lögreglunnar á Akureyri auk þess sem viðtöl og umfjallanir um verkefnið og nýju bifreiðina voru birt í Hjálpinni, á N4 og á Rúv.

26 sjálfboðaliðar tóku þátt í Ungfrú Ragnheiði árið 2020 og hittu 16 einstaklinga sem sóttu búnað fyrir sjálfa sig og aðra.

Námskeiðahald og fræðsla

Kennarar á vegum Eyjafjarðardeildar héldu 50 námskeið í skyndihjálpi fyrir um 850 manns sem er veruleg fækkun milli ára sem rekja má beint til faraldursins. Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Eyjafjarðardeildar.

Á Akureyri voru haldin þrjú námskeið sem nefnast Börn og umhverfi. Auk þess stendur deildin fyrir fræðslu um Rauða krossinn fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. 4 formlegar kynningar voru haldnar fyrir um 65 manns þetta árið sem er talsvert minna en árin á undan en faraldurinn kom í veg fyrir slíkar kynningar að mestu.

Jólaaðstoð

Eins og á undanförunum árum vann Eyjafjarðardeild ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálp-ræðis-hernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna fyrir jólin. Þetta samstarf hefur jafnan verið kallað Jólaaðstoðin. Þessi samtök sem koma að Jólaaðstoðinni taka sameiginlega á móti umsóknum um stuðning, vinna úr þeim og afgreiða eftir tekjuviðmiðum og aðstæðum. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en gífurlega mikill fjöldi fólks sækir um og fær aðstoð hver jól. Úthlutun úttektarkorta, fatnaðar og matar fór fram í húsnæði Hjálpræðishersins og í húsnæði Rauða krossins.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2020 að ofangreind hjálparsamtök útvíkkuðu samstarf sitt og undirrituðu þrjú ára samning um áframhaldandi samstarf sem nú tekur til alls ársins í stað þess að vera eingöngu bundið við jólin líkt og áður var. Um 30% aukning umsókna í jólaaðstoðina var milli ára og voru afgreiddar um 400 umsóknir á móti rúmlega 300 árið 2019.

8 sjálfboðaliðar í öðrum verkefnum deildarinnar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla.

Sú nýbreytni var tekin upp fyrir jólin 2018 að Eyjafjarðardeild bauð þeim, sem sóttu um aðstoð fyrir jólin, á leiksýningar hjá Freyvangsleikhúsinu og Leikfélagi Akureyrar í samstarfi við leikfélögin. Þessu starfi var haldið áfram í tengslum við jólaaðstoðina 2019 en þar sem engar barna- eða fjölskyldusýningar voru í boði í desember 2019 var verkefnið framkvæmt í ársbyrjun 2020.

Viðbrögð við neyðarbeiðnum

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild tók á árinu þátt í einni slíkri söfnun með því að leggja fram 2 milljónir króna í fjársöfnun til aðstoðar fátækum löndum í Afríku og Miðausturlöndum í baráttu við Covid-19 faraldurinn.

Baksturshópur

Í Viðjulundi starfa að jafnaði margir sjálfboðaliðar, flestir í fataverkefnum, ásamt starfsmönnum. Sú venja hefur skapast að bjóða sjálfboðaliðum, sem vinna í húsi á morgnana, í morgunkaffi kl. 10.30 þar sem boðið er upp á kaffi og meðlæti en auk þess koma sjálfboðaliðar úr versluninni gjarnan upp og fá sér hressingu. Á árinu 2019 var endurvakinn bökunarhópur sem kemur saman og fyllir á frystikistuna til að spara deildinni útgjöld fyrir kaffibrauði. Starfsemi bökunarhópsins lá að mestu niðri á árinu 2020 af sóttvarnarástæðum en 7 sjálfboðaliðar eru í verkefninu.

Félagsstarf

Þátttaka félagsmanna í starfi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfboðnu starfi að verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Allt samkomuhald á vegum deildarinnar var í lágmarki á árinu vegna samkomutakmarkana, sumargrill fyrir sjálfboðaliða féll niður en fyrir jólin fengu sjálfboðaliðar sent jólakort og súkkulaðistykki sem þakklætisvott fyrir þeirra mikilvægu störf í þágu félagsins.

Lokaorð

Starf Eyjafjarðardeildar er fjölbreytt og verkefnið mörg þó að Covid-faraldurinn hafi orðið til þess að venjubundin starfsemi yrði minni á árinu 2020 en í eðlilegu árferði. Rekstrartekjur deildarinnar skertust mikið vegna faraldursins en miklu tekjutapi er mætt með því að ganga á sjóði hennar sem voru ríflegir í upphafi árs vegna sölu á fasteignum á Dalvík og Siglufirði. Tekjutapið mun halda áfram fram eftir árinu 2021 en aftur kemur vor í dal og þá er hægt að treysta á að sjálfbóðaliðar deildarinnar og starfsmenn muni ná vopnum sínum og snúa vörn í sókn og þá mun starfsemin komast í eðlilegt horf til heilla fyrir skjólstæðinga Rauða krossins.

Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar starfsfólki deildarinnar og sjálfbóðaliðum fyrir hetjulega baráttu á árinu 2020 og óskar þeim velfarnaðar á nýju starfsári. Stjórnin þakkar líka fyrirtækjum, félögum og öðrum Rauða kross deildum stuðning við verkefni deildarinnar á árinu. Heimsfaraldurinn Covid-19 kom mjög illa við fjárhag deildarinnar á árinu 2020 og þess vegna var afar mikilvægt að finna hve margir voru reiðubúnir að leggja verkefnum hennar lið.